

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 228 24. apríl 1989, um bann við veiðum smábáta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónsson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 305 14. júní 1988 um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1988–1989, sbr. breytingu með reglugerð nr. 527/1988.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 305/1988, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 527/1988 komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnu samþykki viðkomandi búnaðarsambands, að staðfesta samninga milli framleiðenda um ráðstöfun fullvirðisréttar sem gerðir höfðu verið við gildistöku reglugerðar nr. 527/1988 en höfðu ekki hlotið staðfestingu viðkomandi búnaðarsambands, enda berist slíkir samningar landbúnaðarráðuneytinu fyrir 1. júní 1989. Þá er landbúnaðarráðherra heimilt að færa fullvirðisrétt mjólkurframleiðenda milli ríkisjarða innan sama búmarkssvæðis að fengnum meðmælum viðkomandi búnaðarsambands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. maí 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.